

10 hugmyndir fyrir vetrarútiveru

- 1** Grípið öll tækifæri sem gefast til þess að æfa hugrekki og jafnvægi. Hoppa milli steina, labba eftir línu, klifra í trjám.
- 2** Andlit, hér getur verið gott að grípa með disk en ekki nauðsynlegt, finnið efnivið í umhverfinu sem nýtist við að búa til andlit á diskinn, leikið ykkur að gera ólík andlit sem sýna ólíkar tilfinningar.
- 3** Gaman getur verið að taka með eitt dót með í útiveruna, t.d. lítið dóta dýr. Hvar gæti þetta dýr átt heima? Hvar myndi því líða vel? Afhverju? Hér er tilvalið að búa til litla sögu eða leikrit með dýrið í náttúrunni.
- 4** Drekar og tröll. Leggstu niður á góðan stað þar sem þú sérð til himins, hvernig er skýjafarið? Hvað sérðu? Notaðu ímyndunaraflið og fylgstu með ólíkum skýjamyndum birtast þér.
- 5** Þegar snjórinn fellur er gaman að búa til listaverk með snjónum hvort sem það eru snjóskúlptúrar, teikningar með prikum eða jafnvel nota litað vatn (t.d. jurtaleta) til þess að búa til listaverk.
- 6** Skoðið ólík form í náttúrunni, við fyrstu sýn getur umhverfið virkað óreglulegt en ef vel er að gáð má sjá ólík munstur og form birtast í náttúrunni. Hér getur verið gaman að vera með stækkunargler.
- 7** Þó svo að margt sé í vetrardvala má finna ólíka liti í náttúrunni, taktu lítinn eggjabakka og auðkenndu hvert hólf með lit. Setjið hluti sem þið finnið í náttúrunni ofan í rétt hólf eftir því hvernig þeir eru á litinn. Einnig er hægt að setja bókstaf í staðinn fyrir lit.
- 8** Takið með litla krukku í útiveruna, safnið í krukkuna náttúrulegum efnivið t.d. laufblöðum, skeljum, berki, stráum. Þegar heim er komið skreytið þið krukkuna með efniviðnum og úr verður falleg lukt sem lýsir upp skammdegið.
- 9** Safnið saman nokkrum hlutum úr náttúrunni. Einn er með bundið fyrir augun, velur sér hlut og byrjar á að lýsa hlutnum því næst giskar hann á hvaða hlutur þetta er.
- 10** Tilvalið er að nýta útiveruna til þess að safna efnivið í skreytingar fyrir jólin t.d. Kransa eða útiskreytingar.